



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 23.11.2023 varðandi eftirfarandi mál:

**SBB - Breyting á rekstrarfyrirkomulagi íþróttahúsa í eigu Reykjavíkurborgar - til afgreiðslu**

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 20. nóvember 2023, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að endurskoða rekstrarfyrirkomulag íþróttahúsa í eigu Reykjavíkurborgar og fela menningar- og íþróttasviði og skóla- og frístundasviði í samstarfi við fjármála- og áhættustýringarsvið að útfæra tillögur um framtíðarsýn, verkaskiptingu og gjaldskrá svo rekstur þeirra standi undir sér.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Eiríkur Björn Björgvinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Helgi Grímsson sem tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga um að endurskoða rekstrarfyrirkomulag íþróttahúsa í eigu Reykjavíkurborgar er án efa þörf en að mörgu er að hyggja. Huga þarf að framtíðarsýn ekki síst í ljósi tilkomu Þjóðarhallar. Flokkur fólksins hefur fjallað um mikilvægan flöt á þessu máli sem er hvernig afnotum af íþróttahúsum er útteilt og hvort gætt sé jafnræðis í þeim efnum. Skoða þarf og bera saman fjármögnunarsamninga íþróttahúsa borgarinnar og draga fram greiningu á aðstöðu og aðstöðumun íþróttafélaga í íþróttahúsum borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá samanburð á fjármögnunarsamningum íþróttahúsa. Þetta er ekki síst mikilvægt í Laugardalnum þar sem aðstöðumunur hefur verið ríkjandi hjá félögum sem nota Laugardalshöllina, félögum eins og Ármanni og Þrótti, ÍR, Val, KR og Fjölni og fleiri. Með endurskoðun eins og þessari er hægt að skoða hvernig aðgengi félaganna er að íþróttahúsum borgarinnar. Hver sér um að úthluta tíma/dögum til íþróttafélaganna og eftir hvaða reglum er farið? Hvernig er t.d. gætt að jafnræði milli félaganna við úthlutun tíma? Þetta þarf að skoða í öllum íþróttahúsum.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Afrit:

Menningar- og íþróttasvið

Skóla- og frístundasvið